

Reglur um Frístund í Vesturbyggð

1. gr.

Frístund er ætluð nemendum í 1. til 4. bekk í grunnskólum í Vesturbyggð. Frístund er starfrækt á skóladögum til kl. 16. Starfsmenn Frístundar sjá til þess að senda nemendur í tónlistartíma og íþróttatíma. Að öðru leyti eru börnin við frjálstan leik, úti eða inni. Heimanám nemenda er alfarið á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

2. gr.

Gjald er samkvæmt gjaldskrá Vesturbyggðar hverju sinni. Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfellt. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma Frístundarinnar. Dvalargjald verður þó aldrei hærra en lágmarksviðmiðunargjald. á mánuði með mat á föstudögum og daglegri hressingu.

3. gr.

Afslættir af dvalargjaldi:

Einstæðir foreldrar og námsmenn	35%
Systkinaafsláttur, 2. barn	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn	75%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður. Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og Frístundar. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast ekki af síðdegishressingu og hádegismat.

4. gr.

Skráning í Frístund fer fram hjá Vesturbyggð.

Unnt er að skrá nemendur á eftirfarandi tímabil dagsins:

1. Frá kl. 13-15 dag hvern skv. 1. gr.
2. Frá kl. 13-16 dag hvern skv. 1. gr.

Skrá þarf nemendur fyrirfram í a.m.k. einn mánuð í senn og tilgreina hvort tímabilið barnið er skráð og á hvaða dögum vikunnar. Skrá skal að lágmarki nemendur 2 daga í viku.

Skráning, breyting á skráningu eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðamót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast Vesturbyggð fyrir 20. dag hvers mánaðar á undan.

5. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 33. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008

Vesturbyggð, 16.ágúst 2019

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri